

**Ed.**

**521. Frumvarp**

til laga um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Nikulásarkeri í Norðurá er bönnuð laxveiði, önnur en stangaveiði.

2. gr.

Greiða skal Stafholtspresti fullar bætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 1. gr., eftir mati dómkvaddra manna, og skulu bætunar vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll.

Laxveiðifjelag Norðurár greiðir bætunar, en sýslumaður innheimtir á manntalsþingi.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, frá 100–1000 kr., er renna að helmingi í sveitarsjóð Stafholtstungnahrepps og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo skal og upptækt alt ólöglegt veiðifang og ólögleg veiðiáhöld. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma þó ekki til framkvæmda fyr en laxveiðifjlagið er löglega stofnað, enda svo ákveðið í lögum þess, að fjelagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn að stönda skil á bótunum.